



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 18.7.2017 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Baldvin Hansson (BH), Torfi Arnarson (TA), Einar Gunnlaugsson (EG), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Bréf til stjórnar AKÍS frá keppanda í götuspyrnu

Stefán Örn Steinþórsson, keppandi 8S1 í götuspyrnu 8cyl std, meðlimur í BA og í spyrnuráði AKÍS sendi stjórn AKÍS spurningar.

Afgreiðslu frestað þar til stjórnarmenn hafi náð að lesa yfir tillögu að svari. Stefnt að því að svarið verði sent á fimmtudag.

2. Skrif Kristjáns Skjöldals á Facebook

TMB vék af fundi meðan umræða fór fram.

Formenn AKÍS og MSÍ sendu í morgun yfirlýsingu á vefi sambandanna.

Kristjáni hefur verið bent á reglur AKÍS um samskiptamiðla. Stjórn AKÍS þykir sum ummæli Kristjáns jaðra við meiðyrði.

3. Skýrsla dómnefndar Bíladaga 2017 á Akureyri

Dómnefnd var skipuð svo:

Einar Gunnlaugsson, formaður dómnefndar

Ólafur F Jóhannsson

Bjarni Hjaltalín

Gott að fá formlega skýrslu um jafn stóra keppni og Bíladagar eru, en í skýrsluna vantar þó umfjöllun um keppendur í drifti sem voru í keppnisbanni á Bíladögum. Keppnisbannið kom í framhaldi af kæru BA á Bíladögum 2016. Eðlilegt hefði verið að BA hefði borið undir stjórn AKÍS að þeir yrðu með sýningu milli liða á driftkeppninni.

EG sendir stjórn AKÍS uppfærða skýrslu dómnefndar þar sem þetta mál er inni.

Afgreiðsla málsins frestað til næsta fundar stjórnar.

4. Niðurfelldar keppnir 2017

Stjórn AKÍS barst erindi frá Bílklúbb Akureyrar um að halda tvær umferðir í Íslandsmeistaramótinu í GoKart og breyta bikarmóti í Götuspyrnu í þriðju umferð Íslandsmeistaramóts.

Samþykkt að BA haldi tvær umferðir í Íslandsmeistaramótinu í GoKart.



Samþykkt að breyta bikarmóti sem fer fram hjá BA 5. ágúst, í þriðju umferð Íslandsmótsins í Götuspyrnu.

5. Önnur mál

6. Næsti fundur

1. ágúst 2017 - Google Hangouts kl. 18:00